

Nd.

341. Nefndarátt

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 26, 30. júní 1923 (Ritsíma- og talsíma-kerfi.)

Frá samgöngumálanefnd.

Á mörgum undanfórnum þingum hafa verið samþykktar nýjar símalínur, oft án þess að línustæðin væru athuguð af landssímastjórninni.

Nefndin lítur svo á, að ekki eigi nje megi samþykkja nýjar línur án þess framkvæmdarstjórn landssímans hafi athugað línustæðin og gert bráðabirgða-áætlun um kostnað.

Í frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, er það órannsakað, hvort heppilegra sje að leggja línuna til Ingjaldssands frá Holti eða Mýrum (Núpi).

Hinsvegar er fullvíst, að lagning símalínu frá Mýrum að Núpi er mjög auðveld og ekki nema um eina leið að ræða.

Að þessu athuguðu leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykkt með þessari

BREYTINGU:

Síðari málsgr.: Orðin »Lína frá Holti út á Ingjaldssand« falli burt.

Alþingi 9. apríl 1924.

Jón A. Jónsson,
form. og frsm.

Sveinn Ólafsson.

Pjetur Þórðarson.

H. J. Kristófersson,
fundaskrifari.

Árni Jónsson.